

183	Nöfn jarða	Arðeiningar
12. nóv.	Síða	25
	Litla-Borg	32
	Stóra-Borg	33
	Gottorp	27
	Ásbjarnarnes	28
		<hr/> Samtals 1000

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum frá 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1941.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

184
13. nóv.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Ólafsfjarðarkauptúni.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933 um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Ólafsfjarðarkauptúni.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Ólafsfjarðarkauptúns er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nefni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðd., nema með aðstandendum sínum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við. 184

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu 15. apríl til 15. sept., nema í fylgd með aðstandendum sínum. 13. nóv.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl, og ekki eftir kl. 11 síðd. á tímabilinu frá 15. apríl til 15. sept., nema í fylgd með aðstandendum sínum.

Fórel drum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

5. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema með fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. nóvember 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi.

185

13. nóv.

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kýs þriggja manna nefnd til þess að hafa á hendi alla yfirumsjón með bryggjunni og bátauppsátrinu. Að minnsta kosti 2 af nefndarmönnum skulu eiga heima á Blönduósi eða nágrenni kaupsins. Kosning þessi gildir fyrir 3 ár í senn, en á hverju ári skal kosinn einn maður í nefndina í stað eins, er árlega fer úr henni, sem skal vera eftir hlutkesti 1. og 2. ár. Nefndin kýs sér formann úr sínum flokki og ræður bryggjuvörð, er má vera utan nefndar, og semur um borgun fyrir störf hans.

Formaður kallar nefndina saman á fund, þegar hann álitur þess þörf, eða bryggjuvörður krefst þess.

Nefndarmenn fá þóknun fyrir störf sín í þarfir bryggjunnar eftir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa alla umsjón og eftirlit með bryggjunni, bátauppsátrinu, tækjum þeim, er fylgir hvoru tveggja, allri notkun og nauðsynlegum aðgerðum. Hann skal sjá um, að bátar séu ekki látnir hanga í krönunum svo að til baga geti orðið fyrir þá, er nota þurfa bryggjuna, og hegða sér í öllu eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar, og skulu allir þeir, er nota bryggjuna, bátauppsátrið eða tækin, skyldir að hlýða fyrirskipunum hans í því efni.